



Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
b/t verkefnisstjórnar um rammaáætlun, Herdísar Schopka
Skuggasundi 1
IS-150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.08.2016
Tilvísun vor: 07.08

Efni: Athugasemd við tillögu að flokkun R3291A Hágönguvirkjun

Með auglýsingu, dagsettri þann 11. maí 2016, óskaði verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar eftir athugasemdum við tillögu að flokkun virkjunarkosta eigi síðar en 3. ágúst 2016. Samkvæmt tillögunni leggur verkefnisstjórnin til að Hágönguvirkjun verði raðað í biðflokk.

Helstu rök verkefnisstjórnar fyrir flokkun virkjunarkostsins í biðflokk eru:

- *Tiltölulega há áhrifaeinkunn faghóps 2*
- *Mikið sýnilegt rask í næsta nágrenni friðlýsts svæðis*
- *Skortur á skilgreiningu skilmála fyrir nærsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs*

Hágönguvirkjun fékk góða umsögn faghópa í umsögn rammaáætlunar 1. Í rammaáætlun 2 var virkjunarkosturinn með álitlegri kostum og flokkaður í orkunýtingarflokk í drögum að þingsályktunartillögu ráðherra að sem lögð var fram til kynningar í ágúst 2011, en að loknu umsagnarferli ráðherra var hann færður í biðflokk vegna óvissu um áhrif á verndarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Hágönguvirkjun var einn þeirra virkjunarkosta sem settur var í svokallaða flýtimeðferð, eins og boðað var í athugasemdum við þingsályktunartillöguna sem Alþingi samþykkt í janúar 2013. Niðurstaða verkefnisstjórnarinnar í flýtimeðferðinni var að án aðkomu fullskipaðra faghópa væri ekki mögulegt að endurskoða flokkun virkjunarkostsins.

Áhrif á jaðarsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

Framkvæmdasvæði fyrirhugaðrar Hágönguvirkjunar var sett á aðalskipulag Ásahrepps 2002-2014 og á Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands árið 2005. Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður með lögum 7. júní 2008 en áður var haft samráð milli undirbúningsnefndar þjóðgarðsins og Landsvirkjunar/sveitarfélags um að draga vestari mörk Vatnajökulsþjóðgarðs utan jarðhitasvæðisins kennt við Hágöngur. Ekki er hægt að sjá að áhyggjur hafi verið af nálægð virkjunar á verndargildi þjóðgarðsins á þeim tíma.

Í þeirri lýsingu á Hágönguvirkjun sem lögð var fyrir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar lýsti Landsvirkjun því yfir að hönnun virkjunar tæki mið af því að ekki yrði reistur hefðbundinn kæliturn með tilheyrandi gufustrók og að tenging virkjunarinnar við flutningskerfi Landsnets yrði um jarðstreng. Báðir þessir þættir ættu að verða til þess að sýnileiki og áhrif á víðerni svæðisins yrðu minni en í fyrri útfærslum.


Landsvirkjun hefur þegar hafið viðræður við forsvarsaðila Vatnajökulsþjóðgarðs um sameignlega afstöðu til virkjanaframkvæmda á Hágöngusvæðinu, þar sem virkjunin og frekari nýting jarðhitans geti verið sameiginlegt hagsmunamál. Þar getur verið aðkoma að vestanverðum Vatnajökulsþjóðgarði auk mögulegrar þjónustu fyrir ferðamenn. Nánar verður hugað að „þjóðgarðsvænni“ útfærslu á Hágönguvirkjun á næstu misserum. Við undirbúning mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar mun koma í ljós hvort það tekst að þróa ásættanlega útfærslu.

Í ljósi þess sem að framan segir telur Landsvirkjun að allar forsendur séu til að flokka virkjunarkostinn að nýju í orkunýtingarflokk.

Virðingarfyllt



Óli Grétar Blöndal Sveinsson
framkvæmdastjóri



Bjarni Pálsson
forstöðumaður